# Stofnanasamningur

Ljósmæðrafélag Íslands
og
Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja

1. Gildissvið

Samningur þessi nær til allra félagsmanna í Ljósmæðrafélagi Íslands sem starfa við fæðingadeild, mæðravernd og ungbarna- og smábarnavernd hjá Heilbrigðisstofnun Suðurnesja (HSS). Samningur þessi byggir á 11. kafla kjarasamninga félagsins og fjármálaráðuneytis f.h. ríkissjóðs.

2. Meginmarkmið – aðilar eru sammála um eftirfarandi markmið:

a. Að launakerfið verði sveigjanlegt og ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti og stuðli að jöfnun launa fyrir sambærileg störf án tillits til kynferðis.
b. Að auka gæði þjónustunnar með því að efla samstarf ljósmæðra og stjórnenda.
c. Að launakerfið verði starfsmönnum hvatning til markvissari vinnu og til aukinna afkasta.
d. Að launakerfið nýtist sem stjórntæki til að ná fram markmiðum stofnunarinnar.
e. Að launakerfið stuðli að uppbyggingu og viðhaldi á góðri þekkingu innan HSS.

3. Starfaflokkar og röðun

Röðun miðast við að um viðvarandi/stöðugt verksvið sé að ræða og skulu skilgreiningar Hagstofunnar (nú ISTARF95, 2.útgáfa) hafðar til hliðsjónar. Þá skulu fyrst og fremst metin þau verkefni og ábyrgð (svo sem stjórnun) sem í starfinu felast auk þeirrar færni (menntun/kunnáttustig/sérhæfing) sem þarf til að geta innst starfið af hendi. Þá skal litið til þess hvar tiltekið starf er staðsett innan skipurits stofnunar eða annars formlegt starfsskipulags.
Ef gerð er krafa um viðbótarmenntun umfram grunnmenntun (BA/BS) í starfslýsingu skal tekið tillit til þess við grunnröðun starfs í launaflokk sem hér segir:
Starf sem gerir kröfu um 60 eininga (ECTS) viðbótarnám raðast að lágmarki einum launaflokki hærra en starf þar sem einungis er krafist grunnmenntunar og sé gerð krafa um meistaragráðu skal slíkt starf raðast að lágmarki 2 launaflokkum hærra sbr. upptalningu hér að neðan:

- Diplóma eða sambærilegt nám sem leiðir til formlegra starfsréttinda (60 einingar) =1 launaflokkur
- Meistaragráða (90-120 einingar) = 2 launaflokkar
- Doktors- eða sambærileg gráða (180 einingar) = 3 launaflokkar

Lengra formlegt grunnnám skal metið með sambærilegum hætti.

*Starfsflokkur, launaflokkur, skýringar*

**Dagstarfsemi,** á einingunni er einfalt vinnuskipulag.

| | |
|---|---|
| Deildarstjóri | 15.1 Starfsreynsla sem ljósmóðir: 5 ár eða meira. |
| Ljósmóðir I | 13.1 Starfsreynsla sem ljósmóðir: 0-2 ár. |
| Ljósmóðir II | 14.1 Starfsreynsla sem ljósmóðir: 2 ár eða meira. |

**Vaktþjónusta,** á einingunni eru vaktir. – sjá grein 6 ÁR/ISI gms

| | |
|---|---|
| Deildarstjóri | 18.2 Starfsreynsla sem ljósmóðir: 5 ár eða meira og meistaranám. |
| Ljósmóðir I | 13.2 Starfsreynsla sem ljósmóðir: 0-2 ár. |
| Ljósmóðir II | 14.2 Starfsreynsla sem ljósmóðir: 2 ár eða meira. |

BPV ÁR/ISI

## 4. Persónu- og tímabundnir þættir ljósmæðra

Við mat á persónu- og tímabundnum þáttum eru aðilar sammála um eftirfarandi forsendur sem geta leitt til hækkunar á grunnlaunum samanber 3. grein samkomulags eða til mats á álagsþáttum.

### 4.1 Námskeið eða menntun:

| | |
|---|---|
| - Nálastungunámskeið fyrir ljósmæður | 1 þrep |
| - Námskeið og fagráðstefnur (180 klst) | 1 þrep |
| - Diplómanám (60 ECTS einingar) | 2 þrep |
| - Meistarapróf (120 ECTS einingar) | 4 þrep |
| - Doktorspróf eða sambærilegt | 6 þrep |

Styttra formlegt nám skal metið með sambærilegum hætti.

Hækkanir vegna sérnáms (viðbótarnám/-menntun) samkvæmt þessum kafla ber að meta svo að launaflokkar / þrep sem áunnist hafa á fyrri stigum koma til frádráttar og dragist frá sé það undanfari seinna (framhalds) náms. Viðkomandi nám þarf að nýtast í viðkomandi starfi. Samkvæmt þessu getur starfsmaður hækkað um að hámarki 6 þrep til viðbótar við röðun í starf, vegna sérnáms sem nýtist í starfi og hámark 2 þrep fyrir námskeið og fagráðstefnur.

*Framkvæmd*

Þegar sótt er um mat á námskeiði/um, viðbótarnámi eða annarri viðbótarmenntun skal senda eftirfarandi til yfirmanns:

1. Lista yfir námskeið þar sem fram kemur heiti námskeiðs, tímafjöldi og dagsetningar.
2. Ljósrit af skjali sem sannar þátttöku viðkomandi.
3. Ef um er að ræða þátttöku í námskeiði: sundurliðun á fyrirlestrum, umræðum og öðru námsefni ásamt lengd.
4. Nám sem sérstaklega er ætlað viðkomandi fagaðila hjá viðurkenndri stofnun og gefur ákveðinn fjölda háskólaeininga skal metið.

### 4.2 Álag

4.2.1. Greiða skal eitt þrep ofan á grunnlaun í allt að 3 mánuði ef álag vegna manneklu er langvarandi og íþyngjandi. Deildarstjóri gerir skriflega grein fyrir ástandinu og tekur framkvæmdastjórn afstöðu til erindisins í ljósi þess.

4.2.2. Ljósmóðir sem skilar vinnuframlagi sem nemur a.m.k. 50% starfshlutfalli í næturvinnu fær 2 þrep ofan á grunnröðun.

4.2.3. Ljósmóðir sem skilar vinnuframlagi sem nemur a.m.k. 60% starfshlutfalli í næturvinnu fær 3 þrep.

### 4.3 Verkefni

4.3.1. Eitt þrep skal greiða fyrir tímabundin verkefni sem ljósmóður er falið af deildarstjóra að vinna fyrir HSS. Verkefnið skal skilgreint í upphafi, þ.e. umfang, tími og afurð. Heimilt er að framlengja álagsgreiðslur í allt að 3 mánuði með leyfi framkvæmdarstjórnar.

4.3.2. Greiða skal eitt þrep fyrir sérstaka verkefnavinnu sem ljósmóðir tekur að sér til viðbótar reglubundinni vinnu enda sé það mat deildarstjóra að verkefnin krefjist sérstakrar fjárveitingar.

4.3.3. Heimilt er að fengnu leyfi framkvæmdastjórnar að greiða deildastjóra allt að 2 þrep ofan á föst laun vegna óvenju mikils umfangs samkvæmt starfslýsingu.

4.3.4. Heimilt er að fengnu leyfi framkvæmdastjórnar að greiða deildarstjóra allt að 2 þrep fyrir verkefnavinnu sem starfsmaður tekur að sér til viðbótar starfslýsingu.

4.4 Starfsaldur

4.4.1 Ný útskrifuð ljósmóðir sem hefur 5 ára starfsreynslu sem hjúkrunarfræðingur fær að lágmarki 2 þrep
4.4.2 Ljósmóðir fær 1 þrep eftir 7 ár í starfi hjá HSS
4.4.3 Ljósmóðir fær 1 þrep eftir 12 ár í starfi sem ljósmóðir
4.4.4. Ljósmóðir fær 1 þrep eftir 20 ár í starfi sem ljósmóðir

## 5. Hlutverk samstarfsnefnda

Samstarfsnefnd annast gerð, endurskoðun og breytingar á stofnanasamning samanber grein 11.3 í kjarasamningi. Þar skal einnig samið um röðun starfa samkvæmt 25. grein laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Samstarfsnefnd skal enn fremur fjalla um ágreiningsmál sem upp kunna að koma vegna framkvæmdar stofnanasamnings.

## 6. Gildistími, endurskoðun og meðferð ágreiningsmála

Í fyrri stofnanasamningi, undirrituðum 21. október 2008 var sér ákvæði, greinar 4.2.2 og 5.2.1. um eitt þrep, sem tilheyrir vaktþjónustu, þetta þrep er með þessum samningi komið inn í grunnlaunaröðun vaktþjónustu og reiknast því ekki til viðbótar hjá þeim ljósmæðrum sem nú starfa hjá stofnunni og hafa fengið þrepið.
Í fyrri stofnanasamningi, undirrituðum 21. október 2008 var sér ákvæði, grein 6.0 eitt þrep, þetta þrep er með þessum samningi komið inn í grunnlaunaröðun og reiknast því ekki til viðbótar hjá þeim ljósmæðrum sem nú starfa hjá stofnunni og hafa fengið þrepið.

Við gildistöku þessa samnings falla úr gildi allir eldri stofnanasamningar, bókanir og aðrar viðbætur. Samningur þessi tekur gildi frá 1. ágúst 2018 og menntunarákvæði samkvæmt gerðadómi, lög nr.31/2015 frá 1. júní 2016.

Reykjanesbæ 27 september 2018

| f.h. Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja | f.h. Ljósmæðrafélags Íslands |
|---|---|
| Ingibjörg Steindórsdóttir | |

**Fylgiskjal I**

Þann 14. ágúst 2015 kvað gerðardómur upp úrskurð í kjaradeilu 18 aðildarfélaga BHM. Óljóst er hvenær niðurstaða fæst í ágreining aðila vegna útfærslu menntunarákvæða og þá hver hún verður. Ekki er hægt að útiloka að það komi í hlut Félagsdóms að leysa úr þessum ágreiningi. Þar til slík niðurstaða fæst eða samkomulag næst með aðilum er ljóst að miða verður mat á menntun í stofnanasamningi þessum við leiðbeiningar fjármála- og efnahagsráðuneytisins frá 29. apríl 2016. Ljósmæðrafélag Íslands samþykkir stofnanasamning þennan með þeim fyrirvara að komi til þess að túlkun á ákvæðum gerðardóms verði síðar með öðrum hætti en skv. fyrrnefndum leiðbeiningum, eigi sér stað afturvirk leiðrétting í samræmi við þá túlkun.